

kostnað, þar með talin málflytningu- og skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirjettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 24/1892:

Hið opinbera
gegn
Þorsteini Gíslasyni.

D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Kjósar- og Gullbringu-
sýslu, uppkveðnum 13. aprílmán. þ. á., var hinn kærði,
Þorsteinn Gíslason í Melbæ í Leiru, dæmdur fyrir brot
gegn samþykkt, staðfestri 8. desbermán. 1890, um ým-
isleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir
Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrand-
arhrepp, Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarness-
hrepp og Reykjavíkurbæ, 1. gr. hennar, í 80 kr. sekt,
og skyldi fiskur sá, er hann aflaði með ólöglegum neta-
lögnum sínum, 300 að tölu, upptækur vera, og sektin
og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna í fá-
tækra sjóð Rosmhvalanesshrepp. Svo skyldi kærði og
greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað.
En dómi þessum hefur eptir ósk hins kærða verið skot-
ið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins kærða, sem stundaði
fiskiveiðar á opnu skipi á síðastliðinni vetrarvertíð í
hjerði því, er ofangreind samþykkt nær yfir, löglega

sannað, að hann, sem er hreppsnefndarmaður og skipaður tilsjónarmaður samkvæmt 8. grein samþykktarinnar, lagði tvisvar sinnum, 20. og 23. marzmán. síðastliðins, þorskaunet í sjó undan Leirunni, í fyrra skiptið 3 net og 1 stubb, í síðara skiptið 2 net og 1 stubb, og aflaði hann í bæði skiptin samtals 300 þorska, sem hann síðan flutti á land, ásamt netunum, og saltaði, en strax á eftir tilkynnti hann hreppstjóra brotið. Með þessum tilverknaði sínum hefur kærði gjörzt brotlegur gegn 1. grein fyrnefndrar samþykktar 8. des. 1890, er baunar þeim, er stunda fiskveiðar á opnum skipum í samþykktarumdæminu, að leggja net í sjó fyr en 7. apríl ár hvert — og getur eigi komið til mála, að samþykktin í þessu efni fari í neinn bága við lög 12. nóvbermán. 1875, um þorskanetalagnir í Faxaflóa —, og virðist sekt sú, er kærði hefur til unnið, samkvæmt 2. gr. samþykktarinnar, með tilliti til stöðu hins kærða, hæfilega metin af lögregludómaranum 80 krónur. Yfirdómurinn fellst á ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku aflans, einnig að því leyti er affinn og sektin er algjörlega látið renna í fátækra sjód hlutaðeigandi hrepps, þar sem eigi er að ræða um uppljósturs- eða upptökumann, annan en kærða sjálfan, sbr. einnig lög 4. des. 1886 um breyting á lögum um fiskiveiðasamþykktir 14. des. 1877, svo og á málskostnaðarákvæði dómsins, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum. Hinum kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera ó-raskaður. Hinum kærða, Þorsteini Gíslasyni, ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og tilvísningu- og skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 36/1891:

Ólafur Þórðarson

gegn

Lárusi Bjarnason

fyrir hönd O. S. Endresens.

D ó m u r:

Sök þessa höfðaði yfirrjettarmálaflutningsmaður Lárus Bjarnason fyrir hönd bakara O. S. Endresens gegn verzlunarmanni Ólafi Þórðarsyni fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar út af viðskiptaskuld að upphæð 80 kr., og var málið dæmt í bæjarþingsrjettinum 12. nóv. f. á. þannig, að Ólafur Þórðarson skyldi greiða Lárusi Bjarnason fyrir hönd O. S. Endresens 80 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi (eða 4. ágústmán. f. á.) til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefur Ólafur Þórðarson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefni 12. des. f. á., og gjört þá rjettarkröfu, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og hinn stefndi dæmdur til að greiða